

438. fundur fræðslunefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, fimmtudaginn 24.
mars 2022 og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Jónas Þór Birgisson aðalmaður, Magnús Einar Magnússon aðalmaður, Elísabet Samúelsdóttir formaður og Finney Rakel Árnadóttir aðalmaður.

Embættismenn:

Hafdís Gunnarsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

Fundargerð ritaði: Hafdís Gunnarsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

Kristján Þór Kristjánsson boðaði forföll og kom enginn í hans stað.

Dagskrá:

1. Erindi frá skólastjóra grunnskóla Önuðarfjarðar til fræðslunefndar
Ísafjarðarbæjar og sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs. - 2022020027

Erindi var frestað á síðasta fundi fræðslunefndar og er nú tekið upp að nýju þar sem umbeðnar upplýsingar frá SÍS hafa borist.

Fræðslunefnd samþykkir að Grunnskóli Önuðarfjarðar fái undanþágu frá reglum um nemendaheimsóknir í grunnskólum Ísafjarðarbæjar vegna barna kennara við Lýðskólann í allt að 2 vikur á skólaári.

Fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar hvetur Samband íslenskra sveitarfélaga til að beita sér fyrir því að reglur varðandi nemendaheimsóknir barna í grunnskóla, vegna fjarvinnu foreldra þeirra, verði samræmdar á landsvísu.

2. Reglur um röskun á skóla- og fristundastarfi - 2022020030

Lagt fram bréf Díönu Jóhannsdóttur þar sem hún óskar eftir að nýsettar reglur um röskun á skólastarfi verði yfirfarnar á ný og verklag byggt á þeim endurskoðað.

Fræðslunefnd þakkar fyrir erindið og felur sviðsstjóra að svara bréfitara í takt við umræður á fundinum.

3. Ytra mat á GÍ 2021 - 2022030097

Á haustönn 2021 gerði Menntamálastofnun ytra mat á Grunnskólanum á Ísafirði. Lögð fram skýrsla sem gerir grein fyrir niðurstöðum matsins. Skólastjórnendur GÍ eru byrjaðir að vinna að umbótaætlun.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:30

Jónas Þór Birgisson

Magnús Einar Magnússon

Elísabet Samúelsdóttir

Finney Rakel Árnadóttir

Hafdís Gunnarsdóttir